

**88. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 24. september
2019 og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Arna Ýr Kristinsdóttir, Helga Dóra Kristjánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Geir Sigurðsson og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Helga Þuríður Magnúsdóttir.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, .

Dagskrá:

1. Sorpmál 2018 eftirlit GV - 2018010004

Umræður fóru fram um framtíðarskipulag í sorpmálum.

Umhverfisfulltrúa er falið að vinna málið áfram og kynna fyrir næsta fund.

2. Fjallskil 2019 - 2019080030

Umræður um úrbætur á fjárgirðingum við Holtahverfi.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd telur eðlilegt að sett verði niður ristarhlið við Hafrafellsháls til að takmarka lausagöngu búfjár í þéttbýli. Umhverfis- og framkvæmdanefnd óskar eftir samstarfi við Vegagerðina til að koma málum af stað.

3. Eftirlitsskýrsla vegna Ísafjarðarbær-Fráveita Ísafjörður - 2019080043

Kynnt eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, dags. 12. ágúst 2019 varðandi fráveitu á Ísafirði.

Nefndin þakkar fyrir skýrsluna. Tæknideildinni er falið að kostnaðarmeta aðgerðir í frárennismálum og meta þörf á viðhaldi lagna, og leggja fyrir næsta fund.

4. Kirkjuból í Korpudal - Endurheimt votlendis - 2019090050

Lögð fram tilkynning um framkvæmdir og verkáætlun frá Votlendissjóði vegna endurheimtar votlendis á jörðinni Kirkjuból í Korpudal í Önundarfirði.

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísaði erindinu til Umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd fagnar framkvæmdinni og gerir ekki athugasemd.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:35

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Arna Ýr Kristinsdóttir

Geir Sigurðsson

Magnús Einar Magnússon

Ralf Trylla

Helga Þuríður Magnúsdóttir